

Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands
Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er rekið af sveitarfélögum á Vesturlandi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Aðildarsveitarfélög að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands eru Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundafjarðarbær, Hvalfjarðarsveit, Kjósarhreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nema heildartekjur eftirlitsins 106,8 millj. kr. og er rekstrarniðurstaða eftirlitsins jákvæð um 1,7 millj. kr. (2024; 3,1 millj. kr.). Eigið fé eftirlitsins í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi var jákvætt um 26,3 millj. kr. (2024; 24,6 millj. kr.) en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands hefur verið í nokkru jafnvægi síðustu ár og leggur stjórn áherslu á að reksturinn sé í stakk búinn að taka við tímabundnum áföllum.

Lögð hafa verið fram tvö frumvörp á Alþingi sem gerir ráð fyrir að allt eftirlit heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði fært til tveggja ríkisstofnana. Frumvarp atvinnuvegaráðuneytis sem gerir ráð fyrir að allt matvælaeftirlit færist til nýrrar sameinaðrar stofnunar á matvælasviði og frumvarp umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis gerir ráð fyrir að allt mengunarvarna og hollustuháttaeftirlit færist til Umhverfis- og orkustofnunar. Fyrirhugaðar breytingar eiga að koma til framkvæmda 1. janúar 2027. Óvissa er um hvernig þeim verkefnum heilbrigðiseftirlit sem ekki gefa tekjur verður fyrir komið en útlit er fyrir að þau færist til sveitarfélaganna og að heilbrigðiseftirliti verði lagt niður.

Hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands störfuðu 5 starfsmenn í 4,8 ársverki á árinu 2025 og greiddi eftirlitið 60,3 millj. kr. (2024; 58,2 millj. kr.) í laun að meðtöldum stjórnarlausnum að fjárhæð 1,8 millj. kr. (2024: 1,9 millj. kr.) Launatengd gjöld námu 18 millj. kr. á árinu (2024: 14,9 millj. kr.) Laun framkvæmdastjóra námu 20 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 18,5 millj. kr.).

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesta hér með ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Hvalfjarðarsveit, 23. mars 2026

Í stjórn:

Kristinn Hallur Sveinsson
Inga María Sigurðardóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Trausti Gylfason
Auður Kjartansdóttir
Bjarni Sigurbjörnsson
Skúli Hreinn Guðbjörnsson

Framkvæmdastjóri:

Þorsteinn Narfason

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 23. mars 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annarsstaðar í ársreikningnum.

Borgarnes, 23. mars 2026

KPMG ehf.

Haraldur Örn Reynisson

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2025 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	Ársreikningur 2025	Fjárhagsáætlun 2025	Ársreikningur 2024
Rekstrartekjur				
Framlög sveitarfélaga		22.000.002	22.000.000	22.000.001
Eftirlitsgjöld		74.344.530	72.000.000	67.994.789
Tekjur vegna rannsókna		6.278.418	4.000.000	5.003.196
Aðrar sértekjur		4.166.032	3.300.000	5.568.357
	4	<u>106.788.982</u>	<u>101.300.000</u>	<u>100.566.343</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	7	81.181.822	83.770.190	74.080.429
Annar rekstrarkostnaður	8	21.310.231	20.873.000	20.849.862
Afskriftir	9	3.744.972	3.750.000	3.842.002
		<u>106.237.025</u>	<u>108.393.190</u>	<u>98.772.293</u>
Rekstrarafkoma (neikvæð)				
án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		551.957	(7.093.190)	1.794.050
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		1.668.042	741.000	1.654.382
Fjármagnstekjuskattur		(350.680)	(220.000)	(330.460)
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(157.081)	(55.000)	(49.454)
		<u>1.160.281</u>	<u>466.000</u>	<u>1.274.468</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	11	<u>1.712.238</u>	<u>(6.627.190)</u>	<u>3.068.518</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		9.409.558	13.154.530
Fastafjármunir samtals	5,9	<u>9.409.558</u>	<u>13.154.530</u>
Óinnheimtar tekjur	6,10	553.910	1.396.429
Aðrar skammtímakröfur		3.145.873	2.608.805
Handbært fé		<u>25.087.902</u>	<u>16.592.783</u>
Veltufjármunir samtals		<u>28.787.685</u>	<u>20.598.017</u>
Eignir samtals		<u>38.197.243</u>	<u>33.752.547</u>
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	11	<u>26.318.759</u>	<u>24.606.521</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	12	2.730.950	430.197
Skuld við tengda aðila	14	171.274	164.999
Ógreiddur kostnaður	13	<u>8.976.260</u>	<u>8.550.830</u>
		<u>11.878.484</u>	<u>9.146.026</u>
Skuldir samtals		<u>11.878.484</u>	<u>9.146.026</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>38.197.243</u>	<u>33.752.547</u>
Skuldbindingar	15		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands var stofnað af sveitarfélögunum á Vesturlandi þann 15. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er Vesturland og Kjósarhreppur.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í íslenskum krónum.
3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2025 er birt í ársreikningnum til samanburðar. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðauka sem stjórn eftirlitsins hefur samþykkt.

Innlausn tekna

4. Tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi auk árlegra eftirlitsgjalda. Framlög sveitarfélaga er innheimt í samræmi við samstarfssamning aðila sem að eftirlitinu standa og skiptist á milli aðila í hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftirnar eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Bifreiðar	5 ár
Innréttingar og tæki	5 ár

Óinnheimtar tekjur og skammtíma kröfur

6. Óinnheimtar tekjur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtíma kröfum í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

7. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Fjárhagsáætlun		
	2025	2025	2024
Laun starfsmanna	60.271.013	62.020.372	56.306.764
Laun stjórnar	1.786.517	1.979.202	1.908.118
Fæðispeningar	1.032.313	1.222.860	1.015.347
Áunnið orlof, breyting	2.062.863	975.000	736.855
Ökutækjastyrkir	71.628	350.000	195.708
Dagpeningar	126.428	332.790	153.390
Mótframlag í lífeyrissjóð	8.318.745	7.840.891	7.329.200
Önnur launatengd gjöld	7.512.315	9.049.075	6.435.047
Laun og launatengd gjöld samtals	81.181.822	83.770.190	74.080.429
Fjöldi starfsmanna á árinu umreiknað í heilsársstörf (ársverk)	4,8		4,8

Skýringar, frh.:

Sundurliðanir, frh.

8. Annar rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

	Fjárhagsáætlun með viðauka		
	2025	2025	2024
Húsaleiga og skrifstofukostnaður	2.114.942	2.368.000	2.422.354
Sími og burðargjöld	1.175.742	605.000	1.090.367
Rekstur bifreiða	2.032.402	2.030.000	1.734.308
Aðkeypt rannsóknarþjónusta	9.359.789	8.700.000	9.615.220
Önnur aðkeypt þjónusta	3.986.063	3.115.000	2.834.576
Tölvukostnaður	60.709	740.000	367.593
Annar kostnaður	2.609.125	3.315.000	2.680.643
	<u>21.310.231</u>	<u>20.873.000</u>	<u>20.849.862</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Innréttingar	Samtals
		og tæki	
Heildarverð 1.1.2024	18.724.870	970.318	19.695.188
Heildarverð 31.12.2024	18.724.870	970.318	19.695.188
Heildarverð 31.12.2025	18.724.870	970.318	19.695.188
Afskrifað samtals 1.1.2024	1.922.400	776.256	2.698.656
Afskriftir ársins 2024	3.744.972	97.030	3.842.002
Afskrifað samtals 31.12.2024	5.667.372	873.286	6.540.658
Afskriftir ársins 2025	3.744.972	0	3.744.972
Afskrifað samtals 31.12.2025	9.412.344	873.286	10.285.630
Bókfært verð 31.12.2023	13.057.498	97.032	13.154.530
Bókfært verð 31.12.2024	9.312.526	97.032	9.409.558
Afskriftahlutföll	20%	20%	

Skammtímakröfur

10. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun	381.436	276.635
Breyting á niðurfærslu á árinu	(28.541)	104.801
Niðurfærsla í árslok	<u>352.895</u>	<u>381.436</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2024	21.538.003
Rekstrarniðurstaða ársins 2024	3.068.518
Eigið fé 1.1.2025	24.606.521
Rekstrarniðurstaða ársins 2025	1.712.238
Eigið fé 31.12.2025	26.318.759

Skammtímaskuldir

12. Viðskiptaskuldir

	2025	2024
Lánardrottnar	2.730.950	430.197
	2.730.950	430.197

13. Ógreiddur kostnaður greinist þannig:

Áfallið orlof	7.139.537	5.076.674
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	1.722.523	2.000.448
Ógreidd önnur launatengd gjöld	0	1.465.167
Aðrar skammtímaskuldir	114.200	8.541
Skammtímaskuldir samtals	8.976.260	8.550.830

Tengdir aðilar

14. Aðal- og varamenn í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar eftirlitsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila. Í skýrslu stjórnar er getið um laun greidd til stjórnar og framkvæmdastjóra.

Kröfur og skuldir á tengda aðila sundurliðast með eftirfarandi hætti í árslok 2025:

	Skuld 2025	Krafa 2025	Skuld 2024	Krafa 2024
Hvalfjarðarsveit	171.274	0	164.999	0
	171.274	0	164.999	0

Heilbrigðiseftirlitið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti eftirlitsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila.

Skuldbindingar og leigusamningar

15. Á árinu 2009 gerði Heilbrigðiseftirlitið samning við Hvalfjarðarsveit um leigu á aðstöðu og þjónustusamning um bókhald en samningurinn um bókhaldið færðist yfir til Hvalfjarðarsveitar 1. janúar 2012. Samningurinn tók gildi 1. september 2009 og er ótímabundinn. Kostnaður á árinu 2025 nam 2,0 millj. kr. (2024: 2,0 millj. kr.) og er færður á annan rekstrarkostnað í rekstrarreikningi.